

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 11. júní 2008, kl 12:05.**

Mætt: Ólafur Elisson, Sveinn Magnússon, Þorsteinn Finnbogason, Magnús Sigurðsson, Gunnar Friðfinnsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerðir síðustu tveggja funda samþykktar.

### **1. Skólastarfið og það helsta framundan.**

Kennslu lauk 30. apríl og við tóku próf og síðan útskrift 17. maí. Stúdentar voru 18, einnig 4 vélaverðir og einn af öðru stigi vélstjórnar. Þann 14. apríl komu gestir frá samstarfsskólum okkar í EYE-Blogg verkefninu, en þeir eru frá Ítalíu, Frakklandi, Tyrklandi og Póllandi og dvöldu hér til 17. apríl. Í lok apríl og allan maímánuð var unnið að verkefnum og styrkumsóknum í samvinnu við Visku og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, en umsóknirnar voru um fjármagn úr 200 milljóna sjóði, sem stofnaður var sem hluti af mótvægisáðgerðum vegna aflasamdráttar. Stærsta verkefnið var FabLab smiðjan og nám tengt henni, sem verður í boði í haust. Einnig má nefna “skólaskipið” sem stefnt er að í samráði við Vinnslustöðina, Ísfélagið og fleiri aðila. Allt í allt voru þetta 11 umsóknir (samtals 30 millj.) sem fóru frá okkur og eru nú til skoðunar hjá starfshópi í menntamálaráðuneytinu.

Frá því um páska hefur verið unnið í kynningarátaki skólans, sérstaklega varðandi skipstjórnar- og vélstjórnarnámið. Gefinn var út bæklingur, sem hefur verið dreift í alla báta og skip (1100 eint.) og auk þess víða á suðvesturlandi, meðal annars með sjómanna dagsblaðinu. Einnig hefur auglýsing verið birt í blöðum og tímaritum. Fulltrúar skólans mættu að vanda í loðnukaffi Vinnslustöðvarinnar þann 27. apríl og veittu viðtöku gjafabréfi upp á 250 þúsund. Kynningarfundur fyrir nemendur í 10. bekk og foreldra þeirra var haldinn 21. apríl og tókst vel, en rúmlega 70 manns mættu. Nemendur í 10. bekkjum eru 86 á þessu vori. Í samvinnu við Pál Marvín og félagi hjá IS-DIVE hefur verið ákveðið að bjóða uppá köfunaráfanga í haust, þar sem kennt er til fyrstu réttinda í köfun. Farið var yfir viðhaldsframkvæmdir í sumar.

### **2. Ráðningar kennara og leiðbeinenda.**

Aðeins ein ný umsókn barst, um 50% stöðu í þýsku, sem Arndís María Kjartansdóttir gengdi sl skólaár og sóttist hún einnig eftir stöðunni. Umsóknin var frá Hjördísi Hildigunni Friðjónsdóttur, reyndum kennara með kennsluréttindi á greininni. Skólameistari upplýsti að Arndís færi með sína fyrri menntun í nýtt mat hjá hugvísindadeild HÍ í haust og héldi jafnframt áfram námi í þýsku, þannig að eftir 1 til 2 ár gæti hún verið komin með kennsluréttindin. Eftir talsverðar umræður samþykkti skólanefnd að styðja Arndísi, ef í ljós kæmi að hún næði réttindum á þessum tíma, en jafnframt var skólameistara falið að ræða við umsækjanda og reyna að ná samkomulagi sem flestir gætu sætt sig við. Einnig var samþykkt að ráða 7 aðra leiðbeinendur sem voru í starfi við skólann, en 4 þeirra eru komnir langt með réttindanámi.

### **3. Fjarvistir og forföll á vorönn 2008**

Lagt var fram yfirlit yfir forföll kennara á vorönn 2008, í heild svipuð og áður.

Fleira ekki gert, fundi lauk um kl 13:45  
Ólafur H. Sigurjónsson.